

eigandi og enginn beiddist þeirra.

Flota- og fiskimálaráðherra er skamm-
aður í grein þessari og virðist svo sem
megn óánægja ríki út af ástandinu.

(Lauslega þýtt).

Verslunarskipti Rússa og Norðmanna.

Fréttaritari „Tidens Tegn“ birtir nýlega
viðtal við rússnesku verslunarskrifstof-
una í Osló um viðskifti þeirra og Norð-
manna. Frá 1. janúar í ár hafa þeir keypt
af Norðmönnum 250,000 tonn af sild
fyrir 4,4 miljón norskar krónur; nokkuð
af þessu er norsk sild, en sumt er sild
veidd af Norðmönnum við Ísland. 50.000
tonn af þessari sild hafa Rússar greitt
við móttöku, en hitt með 9—12 mánaða
víxlum.

Rússarnir eru því í ár stærsti kaup-
andinn að norsku sildarframleiðslunni, og
eru þeir búnir að kaupa þær birgðir, sem
þeir búast við að þurfa á árinu.

Mest af sildinni er selt fyrir ákveðið
lágmarksverð. Verslunarskrifstofan segist
enn fremur hafa keypt 25.000 tonn af
isl. sild af dönskum*) seljendum fyrir
læggra verð en Norðmenn hafa selt fyrir.

Verslunarskrifstofan telur Rússa hafa
fest verðið á sildinni í ár með þessum
kaupum sínum, annars mundi það hafa
farið mikið lægra.

Öll sildin hefir verið flutt til Rússlands
með norskum skipum, og hafa þeir leigt
25 skip til flutninganna.

Verslunarviðskifti Rússa og Norðmanna

aukast stöðugt, og er Rússland að verða
þeirra aðal-viðskiftaland.

Verslunarviðskiftin voru 1920 ca. 2
milj., 1921 12 milj., 1922 22 milj., 1923
ca. 10 milj., 1924 13 milj., 1925 27 milj.,
1926 14 milj., en 1927 fyrstu 10 mánuði
ársins voru viðskiftin orðin 30 milj.

Af útflutningsvörum eru sild og alu-
miniumvörur hæstar, sömuleiðis pappír,
veiðarfæri og lýsi.

Af innfluttum vörum er korn hæst,
fyrir 14 miljónir, steinolia og ýmsar
skinnavörur, sömuleiðis hefir á árinu
byrjað innflutningur á eplum og perum
frá Krim.

Verslunarskrifstofan er mjög ánægð
með viðskifti landanna, sem hún segir að
kaupendum og seljendum hafi líkað svo
vel, að varla heyrst kvartanir undan við-
skiftunum.

K. B.

Mannalát.

Aðfaranótt 27. sept. sl. andaðist Björn
G. Blöndal læknir að heimili sínu á Siglu-
firði, fæddur 19. sept. 1865.

Hinn 29. nóv. sl. andaðist fyrv. kaup-
maður Magnús B. Blöndal að heimili sínu
hjer í Reykjavík, eftir langa vanheilsu.

Hann var fæddur 7. sept. 1862, bróðir
Björns heitins læknis. Voru þeir synir
Gunnlaus heitins Blöndal sýslumanns
og Sigríðar Sveinbjarnardóttur Egilssonar
rektors.

Sunnudaginn 11. des. lést að heimili
sínu „Vesturhlíð“ hjer í bæ, kaupmaður
Jensen-Bjerg, eigandi Vöruhússins og
„Hótel Íslands“. — Hann var fæddur í
Bording á Jótlandi 13. nóv. 1879. Verslun
byrjaði hann hjer árið 1909.

*) Hér mun átt við sildarsölu Einars Ol-
geirssonar.